

Stjórnendur og innherjar selja bréf í Högum

Innherjar og lykilstjórnendur Haga hafa upp á síðkastið losað sig við milljónir hluta í fyrirtækinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gæti titrings á markaði vegna komu Costco til landsins.

VIÐSKIPTI Lykilstjórnendur Haga og tengdir aðilar hafa á síðustu vikum selt hluti sína í Högum. Titrings gæti á smásölumarkaði með komu Costco til landsins.

Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónuss, og eiginkona hans, Ingibjörg B. Halldórsdóttir, seldu allt sitt hlutafé í félaginu síðastliðinn mánudag á genginu 49,2. Fengu þau um 100 milljónir í sinn hlut fyrir viðskiptin. Eiginkona Finns Árnasonar, forstjóra Haga, losaði sig við rúmlega milljón hluti í félaginu í júlí á genginu 47,8 og eftir viðskiptin á hún enn hlut í fyrirtækinu sem metinn er á um 200 milljónir króna. Einnig seldi Kjartan Már Friðsteinnsson, framkvæmdastjóri Banana ehf., dótturfyrirtækis Haga, allan hlut sinn í fyrirtækinu í júlí.

Greiningarfyrirtækið Zenter gerði skýrslu um komu Costco til landsins og hvaða áhrif hún muni hafa á þau fyrirtæki sem fyrir eru á smásölumarkaði. Voru niðurstöður fyrirtækisins þær að þarna væri á ferðinni risi sem að öllum líkindum myndi hafa mikil áhrif á markaðsstöðu fyrirtækja, mismikil þó.

Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónuss, neitaði að svara því hvort sala hluta hans í Högum væri til komin vegna hugsanlegrar komu Costco til landsins. Að sama skapi sagði Finnur Árnason, forstjóri Haga, sölu fjölskyldunnar á hlutum í Högum vera persónuleg fjármál sem ekki yrðu rædd í fjölmiðlum.

Costco áformar að opna verslun í Gardabæ innan skamms og mun hafa mikil áhrif á smásölu á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur í glærkynningu Zenter að fyrirtækið

100

Guðmundur Marteinnsson og eiginkona hans fengu hundrað milljónir fyrir hlutinn sem þau seldu í byrjun síðustu viku.



Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónuss



Finnur Árnason, forstjóri Haga

sé annar stærsti smásali í heiminum. Veltan á íslenskum smásölumarkaði sé um 400 milljarðar króna og í samamburði er velta Costco rúmfrjótán þúsund milljarðar króna á ári.

Trausti Haraldsson, framkvæmdastjóri Zenter, sagðist hvorki geta staðfest eða neitað því að Hagar hefðu fengið í hendur skýrslu fyrirtækisins um komu Costco til Íslands. Þar lægi trúnaður sem þyrfti að virða. Fyrirtækið vinnur fyrir um 120 fyrirtæki og stofnanir vitt og breitt um landið.

svainn@frettabladid.is



Fjöldi fólks hefur farið niður á Reykjavíkurhöfn til að skoða hollensku skútuna Dwinger. 63 metra hátt mastur skipsins vegur fimmtán tonn og er það hæsta í heiminum á þessari gerð skipa. Dwinger hafði viðkomu á Íslandi á leið til Grænlands. Hægt er að leigja skipið fyrir riflega tíu milljónir króna á viku. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Segja WOW brjóta á freyjum

KJARAMÁL Fordæmalaus fjöldi kvartana er á borði Flugfreyjufélags Íslands frá flugliðum WOW air. Kvartanirnar snúa aðallega að meintu broti á kjarasamningum varðandi hvíldartíma flugliða. Þetta staðfestir Sigríður Ása Harðardóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands, hún telur WOW air brjóta reglur um hvíldartíma með því að fara gegn ákvæðum kjarasamnings.

Flugfreyjufélag Íslands hefur ítrekað bent WOW air á hið meinta brot en flugfélagið túlkar samninginn á annan veg.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins veigra sumir flugliðar sér við að kvarta þar sem þeir óttast um framtíð sína í starfi. Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air, hafnar því alfarið að reglur um hvíldartíma flugliða séu ekki virtar hjá félaginu. – að / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

LÍFIÐ Ólafur Arnalds fiktur við popptónlist í fristundum.



FRÉTTIR Lögreglunámið er dýrara á Akureyri. **2**

FRÉTTIR Netöryggi er sagt ábótavant á Íslandi **6**

SKOÐUN Hildur Sværissdóttir segir skoðun sína rangtúlkaða í Fóstudagsviðtalinu. **16**

SPORT Blikastúlkur flugu áfram í Meistaradeildinni með stæl. **14**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Dale Carnegie
ÓKEYPIS
KYNNINGARTÍMI

Ármúli 11

Í kvöld kl. 20.00-21.00
Skráning á **dale.is**



The Quality Management System of Dale Carnegie® Global Services is ISO 9001 certified.



DALE CARNEGIE®
ÞJÁLFUN




MINNA MÁL
MEÐ **SAGA PRO**



SAGA MEDICA
www.sagamedica.is

Veður



Hæg vestlægari átt á morgun og dálítill væta norðvestan til, en léttir til fyrir austan. Vaxandi austanátt og fer að rigna syðst um kvöldið. Milt veður.

SJÁ SÍÐU 20

Ósáttir við LÍN-frumvarp

MENNTAMÁL Félag læknanema gerir alvarlegar athugasemdir við nýtt frumvarp Illuga Gunnarssonar um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Segja þau læknanema skarðan hlut frá borði ef frumvarpið verður að lögum.

Samkvæmt nýju lögnum mun endurgreiðsla námslána hefjast einu ári eftir námslok en námslok teljist frá þeim tíma sem námsmaður hættir að þiggja námslán LÍN. „Grafalvarlegt er ef umrædd grein verður að lögum þar sem sérnám í læknisfræði er ólánshæft nám. Í núverandi kerfi geta læknar í formlegu sérnámi frestað námslokum þar til sérnámi er lokið,“ segir í umsögn Félags læknanema.

Læknanemar gagnrýna einnig að námsstyrkur sé veittur í níu mánuði á ári því læknanámið sé oft næstum tíu mánuði, lengra en annað nám við HÍ. – sa

Tyrkir felldu 25 í loftárásum

SÝRLAND Að minnsta kosti 25 manns létu lífið í loftárásum tyrkneska hersins á kúrdísk svæði Sýrlandsmegin við landamæri Tyrklands og Sýrlands nærri borginni Jarablus. Herinn segir hina látnu vera menn úr hersveitum Kúrda.

Árásirnar voru gerðar á fimmta degi nýs verkefnis Tyrkjahers er kallast Efrat-skjöldur og vísar til árinna Efrat sem rennur frá Tyrklandi, í gegn um Sýrland og Írak og þaðan út í Persaflóa.

„Aðgerðir gegn hryðjuverkasamtökum munu halda áfram þar til yfir lýkur,“ sagði Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, í gær. – þea

» Tyrkir hafa aukið við liðsstyrk sinn í Sýrlandi efr sjálfsmorðsárásina í Gazi-antep fyrir rúmri viku.

Aldarafmæli fagnað



Afmælisveisla í Árbæjarsafni Þessi kona verkaði saltfisk á meðan Alþýðusamband Íslands hélt upp á hundrað ára afmæli sitt í Árbæjarsafninu í Reykjavík í gær. Bodið var upp á leiðsögn um safnið þar sem fjallað var um verkalýðsbaráttu, hjáverk kvenna og húsnæðisvanda verkafólks. Auk þess voru lummur bakaðar og spilaði Lúðrasveit verkalýðsins fyrir gesti og gangandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Baðst afsökunar eftir mótmæli

FRANKLAND Myndband sem sýnir veitingamann í Paris neita að afgreiða tvær múslimskar konur hefur vakið töluverða reiði. Konurnar klæddust báðar hjólabúnað.

Í myndbandinu má heyra manninn segja: „Hryðjuverkamenn eru múslimar og allir múslimar eru hryðjuverkamenn.“

Maðurinn baðst í gær afsökunar á ummælum sínum eftir að hópur fólks hafði safnast saman fyrir utan veitingastaðinn til þess að mótmæla.

Töluverð ólga hefur verið í Frakklandi eftir að búrkini-sundklæðnaður var bannaður á nokkrum ströndum í landinu. Síðastliðinn föstudag afturkallaði æðsti stjórn-sýsludómstóll Frakklands bannið í strandbænum Villeneuve-Loubet. Búist er við að dómurinn verði forðmisgefandi fyrir öll sveitarfélög sem hafa sett svipuð bönn. – gló

Lögreglunám dýrara á Akureyri en í borginni

Samkvæmt innsendum umsóknum háskólanna um að taka að sér nám í lögreglufræðum verður námið 17 milljónum króna dýrara á hverju ári í HA en í HÍ. Stofnað verður rannsóknasetur við HA um rannsóknir í lögreglufræðum.

MENNTAMÁL Nám í lögreglufræðum við Háskólann á Akureyri mun kosta um 157 milljónir króna á ári hverju en hefði kostað rétt um 140 milljónir við Háskóla Íslands. Einnig var Háskóli Íslands talinn hæfari til þess að taka við lögreglunáminu.

„Það er athyglisvert að tillaga HÍ fékk ekki bara besta faglega matið hjá matsnefndinni heldur er tillaga HÍ einnig ódýrari en sú sem valin var af ráðherra. Til viðbótar má nefna að verklega aðstæðan sem við buðum upp á hjá Keili er nú þegar notuð af lögreglu- unni,“ segir Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ.

Þetta kemur fram í innsendum umsóknum skólanna um nám í lögreglufræðum en Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra ákvað að námið færi til Akureyrar eftir að hafa vegið og metið niðurstöðurnar. Fjórir skólar sendu inn umsókn til að taka námið að sér, þrjár háskólar voru metnir hæfir og HÍ þar metinn hæfastur þeirra þriggja.

Í innsendum gögnum HÍ kemur fram að kostnaður við stöðþjónustu og húsnæði HÍ er um 30 milljónir króna en við HA verður kostnaðurinn um 17 milljónum hærri á hverju ári. Lagt er til í gögnum HÍ að ráðnir verði fimm kennarar við lögreglunámið.

Hins vegar setur Háskólinn á Akureyri það sem skilyrði að samhliða því skrefi að færa lögreglunám á háskólastig þurfi að efla rannsóknir á sviði lögreglufræða og leggur til að akademískar rannsóknir fræðimanna við deildina verði öflugar. Lagt er upp með að við Háskólann á Akureyri verði til rannsóknasetur í



Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra ákvað í síðustu viku að færa lögreglunám til Akureyrar þrátt fyrir að Háskóli Íslands hafi verið metinn heppilegri kostur.

Hafa umsóknina sem hagstæðasta fyrir rikissjóð en slá ekki af akademískum kröfum um gott nám.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands



lögreglufræðum. Því þurfi að greiða laun forstöðumanns rannsóknasetursins og sérfræðinga auk þess sem kostnaður verði einhver vegna rannsóknarverkefnanna.

„Við í Háskóla Íslands reyndum að hafa umsóknina sem hagstæðasta fyrir rikissjóð en slá ekki af akademískum kröfum um gott nám. Okkar umsókn var þannig sett fram,“ bætir Jón Atli við.

Til samanburðar við þær 157 milljónir sem lögreglunám á háskólastigi mun kosta fékk Lögregluskóli ríkisins 163 milljóna króna framlag frá hinu opinbera á fjárlögum 2016. sveinn@frettabladid.is

ÁSKRIFTARKORT BORGARLEIKHÚSSINS



Bókaðu áskrift með einföldum hætti á borgarleikhus.is



RENAULT
Passion for life

Renault Clio

ÍSLANDSMEISTARI 2016

REYKJAVÍK–AKUREYRI = 2.740 KR.



ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT

Renault Clio 1,5 dísil er Íslandsmeistari 2016 í sparaksturskeppni FÍB. Sigurður Stefánsson ók um 380 km leið frá Reykjavík til Akureyrar á löglegum hraða og notaði að jafnaði 4,02 lítra á hverja 100 km.

Þegar til Akureyrar var komið var tankað á bílinn fyrir aðeins 2.740 kr.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Skólastjórar funda vegna sundferða dæmde barnaníðings

SAMFÉLAG Fjórir skólastjórar í grunnskólum í Kópavogi hafa fundað með forstöðumanni Salalaugar vegna óánægju foreldra með að börn þeirra þurfi hugsanlega að vera í skólasundi á sama tíma og dæmdur barnaníðingur.

Sigurður Ingi Þórðarson, sem stundum hefur verið kallaður Siggí hakkari, var í fyrra dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn níu drengjum. Hann hefur undanfarið sést í Salalauginni en hann gengur nú laus með ökklaband.

Hann hefur aðeins afplánað um þriðjung af dómi sínum.

„Um leið og ég vissi af þessu fór ég strax að kanna málið og óskaði þá eftir fundi. Við urðum strax öll sammála um að hittast og fara yfir það hvað við getum gert til að tryggja öryggi barnanna,“ segir Hafsteinn Karlsson, skólastjóri Salaskóla, en hann átti fyrst fund með bæjaryfirvöldum og forstöðumanni laugarinnar á miðvikudaginn. Degi síðar funduðu skólastjórar hinna þriggja skólanna með Hafsteini.

Á fundunum var ákveðið að fylgst yrði með öllum hópum í skólasundi en ekki aðeins þeim yngstu eins og verið hefur. Þá mun fylgdarmaður fara út með börnunum í baðklefa. Auk þess var ákveðið að herða gæslu í sundlauginni. „Við erum að bæta við starfsmönnum og þannig verða fleiri að fylgjast með. Það verða fleiri starfsmenn á okkar vegum og þá er sundlaugin líka að herða gæsluna hjá sér,“ segir Hafsteinn og bætir við að það sama muni gilda um hina skólana. – ngy

Um leið og ég vissi af þessu fór ég strax að kanna málið og óskaði þá eftir fundi. Við urðum strax öll sammála um að hittast og fara yfir það hvað við getum gert til að tryggja öryggi barnanna.

Hafsteinn Karlsson, skólastjóri Salaskóla



Staðfest er að maðurinn hafi smitað tvær konur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rannsókn á HIV-máli lokið

LÖGREGLUMÁL Rannsókn á máli nigerísku hælisleitanda sem handtekinn var þann 23. júlí í fyrra, grunnaður um að hafa smitað konur vísitandi af HIV-veirunni, er lokið. Málið hefur verið sent til héraðsaksóknara sem vinnur nú að því að fara yfir gögn málsins.

Lögregla hafði óskað eftir gögnum erlendis frá vegna rannsóknar málsins og er það meðal annars ástæða þess hve langan tíma rannsóknin hefur tekið. Staðfest er að maðurinn smitaði tvær konur hér á landi.

„Nú metum við hvort málið sé líklegt til sakfellingar eða ekki og vonum að það verði fyrir en síðar,“ segir Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins teygði rannsókn lögreglu sig til Sviss en lögreglufrivöld þar í landi heimsóttu fyrrverandi kærustur mannsins og yfirheyrðu þær. – ngy

2

Tvær konur smituðst af HIV eftir samræði við manninn.

Fordæmalaus fjöldi kvartana

Mörg mál eru á borði Flugfreyjufélags Íslands frá flugliðum WOW sem telja reglur um hvíldartíma brotnar. WOW tulkar kjarasamning á annan hátt en ASÍ og Flugfreyjufélagið. WOW neitar ásökununum.

KJARAMÁL Fordæmalaus fjöldi kvartana er á borði Flugfreyjufélags Íslands frá flugliðum WOW air. Kvartanirnar snúa aðallega að meintu broti á kjarasamningum varðandi hvíldartíma flugliða. Þetta staðfestir Sigríður Ása Harðardóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands, en hún telur WOW air brjóta reglur um hvíldartíma með því að fara gegn ákvæðum kjarasamnings.

Samkvæmt kjarasamningi eiga flugliðar ekki að vera með vinnuþlan í fleiri en sex daga í röð. Reglurnar eru ekki nýjar en þær hafa verið í kjarasamningum við aðra flugrekendur í tugir ára.

Flugfreyjufélag Íslands hefur ítrekað bent WOW air á hið meinta brot en flugfélagið tulkar samninginn á annan veg. „Þau nota hvíldarákvæði sem samið er um í kjarasamningi sem tækifæri til að brjóta upp sex dagana. Hvíldardagur hefur aldrei verið túlkaður sem lögbundinn fridagur. Vaktahvöld á milli fluga á ekki að brjóta upp sex daga regluna.“

Þá hefur ASÍ einnig gripið inn í og sendi WOW air greinargerð á dögum þar sem fram kemur það mat að brotið sé á flugliðum. Þetta staðfestir Halldór Oddsson, lögfræðingur hjá ASÍ, og segir að ASÍ taki undir röksemdir Flugfreyjufélagsins.

Engar kvartanir hafa borist frá flugliðum Icelandair. „Þetta hefur alltaf verið virt af Icelandair í gegn um árin.“

Sigríður tekur dæmi um flugliða sem fer í flug til Evrópu á mánudegi og þriðjudegi. Næst er flug til Bandaríkjanna á miðvikudegi. Flugliðinn kemur heim á föstudegi og ætti þá að fá tveggja náttu hvíld. „WOW air hefur ekki fylgt því og hefur sent flugliða í annað flug næsta dag. Flugliðar ættu ekki að mega fara fyrir en á sunnudeginum.“



Flugfreyjur hjá WOW telja að flugfélagið brjóti gegn rétti þeirra til hvíldartíma.

Á næstunni munum við skoða hvort farið verði í einhverjar aðgerðir eða með málið fyrir félagsdóm.

Sigríður Ása Harðardóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands

Þarna eru þau að vinna í sjö daga í röð sem má ekki.“

Til skoðunar er að ganga lengra í málinu. „Á næstunni munum við skoða hvort farið verði í einhverjar aðgerðir eða með málið fyrir félagsdóm. Ásetningsbrot aðila á samningi getur vikið friðarskyldu til hliðar.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins veigra sumir flugliðar sér við að kvarta vegna málsins þar sem þeir hræðist það að það hafi áhrif á framtíð þeirra hjá fyrirtækinu.

Sigríður segist hafa heyrt af þessu. „Þetta er auðvitað bara ein aðferða-

fræði í ögnunarstjórnun, að fólk finnst það ekki geta leitað réttar síns.“

Svanhvit Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air segir félagið hafna því alfarið að reglur um hvíldartíma flugliða séu ekki virtar hjá félaginu. „WOW air fylgir í starfsemi sinni opinberum reglum um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugliða. Allar vaktaskrár eru í samræmi við reglurnar og er öllum flugliðum veittur hvíldartími í samræmi við reglurnar og ákvæði kjarasamnings.“ andri@frettabladid.is

Beltone Legend™
Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone Legend™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

HEYRNARSTÖÐIN
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

GERÐU ÞIG AÐ
VERÐMÆTARI
STARFSMANNI

MARKAÐS- OG SÖLUNÁM GRAFÍSK HÖNNUN VEFSÍÐUGERÐ

Promennt býður upp á mikið úrval skemmtilegra og hagnýtra námskeiða sem bæta stöðu þína með upplýsingatæknina að vopni.



STADKENNSLA



FJARKENNSLA
Í BEINNI

MARKAÐS- OG SÖLUNÁM – hraðferð

- Með sérstakri áherslu á stafræna markaðssetningu. Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og námstækni við nýjustu tækni sem í boði er. Nemendur fara m.a. yfir námstækni, sölutækni, markaðsfræði, Google AdWords, Google Analytics og Facebook sem markaðstæki.

Hefst 13. september • Kvöldhópur • 27 skipti

UPPLIFUN NEMENDA

”Námið var fjölbreytt, skemmtilegt og mun án efa nýtast mér vel í framtíðinni. Ég var í fullri vinnu með náminu, en námið var svo vel uppsett að það gekk allt saman upp. Promennt fær fullt hús stiga hjá mér, skólinn er með fyrsta flokks kennara og starfsfólk. Takk fyrir mig.“
Sonja G. Ólafsdóttir, markaðs- og sölunám.

STÖK NÁMSKEIÐ

STÖK NÁMSKEIÐ	SKIPTI	HEFST
WordPress – Vefurinn minn	6	11. okt.
Photoshop 2	7	1. sept.
Photoshop fyrir byrjendur	4	19. sept.
Dreamweaver HTML og CSS	10	3. okt.
Illustrator	7	22. sept.
InDesign	6	3. des.
Myndbandavinnsla Adobe Premiere Pro	6	3. okt.
Gerð stafræna auglýsinga fyrir sjónvarp og vef	6	24. okt.
Facebook sem markaðstæki	2	18. okt.
Leitarvélamarkaðssetning með Google AdWords	1	22. okt.
Vefgreining með Google Analytics	1	1. nóv.
Tölvupóstmarkaðssetning	1	29. nóv.

GRAFÍSK HÖNNUN

- Grafísk vinnsla fyrir byrjendur sem vilja læra að hanna markaðsefni sjálfir eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Nemendur læra á Photoshop, Illustrator og InDesign og að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller. Kennslan byggir á fyrirlesturum og verklegum æfingum.

Hefst 1. september • Kvöldhópur • 20 skipti



VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN

- Vönduð námsbraut fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegrri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

Hefst 19. september • Kvöldhópur • 22 skipti

UPPLIFUN NEMENDA

”Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli.“
Íris Magnúsdóttir, Grafíks hönnun.

Fimm flugfélög fljúga til London

FERÐALÖG Samkeppnin á flugleiðinni á milli Íslands og London er sú mesta sem hefur verið á einni leið hérlandis.

Þetta kemur fram á vefnum Turisti.is en fimm flugfélög halda samgöngunum uppi. Flugfélögin eru Icelandair, WOW air, easyJet, British Airways og Norwegian. Flugin dreifast á fjóra flugvelli í Bretlandi; Heathrow, Gatwick, Luton og Stansted.

Frá Stokkhólmi og Ósló fljúga þrjú flugfélög til London. Ferðir þeirra eru tíðari en frá Keflavíkurflugvelli en héðan er búist við að þær verði flestar 12 á dag og eru flestar ferðirnar farnar til Gatwick. Í fyrra flugu rúmlega 313 þúsund farþegar á milli vallarins og Keflavíkur. – gló



Bærinn Amatrice varð verst úti í skjálftanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Mikið tjón á verðmætum

ÍTALÍA Menningarmálaráðherra Ítalíu, Dario Franceschini, segir 293 sögulega staði hafa orðið fyrir tjóni í jarðskjálftanum sem varð á miðri Ítalíu síðastliðinn miðvikudag.

Að minnsta kosti 290 manns fórust í skjálftanum sem var 6,4 stig og varð á tíu kílómetra dýpi. Björgunaraðgerðir standa enn yfir.

Bærinn Amatrice varð verst úti en þar létu 229 manns lífið í skjálftanum og margar kirkjur og byggingar frá miðöldum skemmdust.

Aðgangseyrir sem safnaðist í söfnum á Ítalíu í gær rann til hjálparstarfa og uppbyggingar á svæðum sem urðu fyrir skemmdum. Franceschini hvatti Ítali til þess að heimsækja söfn í gær og sýna með því samstöðu. – gló

Fyrsti skóladaðurinn



Palestínkar stúlkur á leið í skólann á fyrsta skóladegi annarinnar í borginni Nablus á Vesturbakkanum. Ástandið á svæðinu er víða eldfimt og til átaka kom í borginni síðastliðinn þriðjudag þegar maður lét lífið af völdum barsmiða á meðan hann var í haldi lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fjöldi dýra féll

NOREGUR 322 hreindýr drápuð í gær þegar eldingu laust niður í Þelamörk í Noregi. Rúmlega 10.000 hreindýr eru á svæðinu en dýrin sem drápuð stóðu á svæði sem var um áttatíu metrar að þvermáli.

Vísindamenn norsku náttúruvísindastofnunarinnar segjast vita til þess að eldingar hafi áður drepið hreindýr, þó aldrei svona mörg í einu. – gló

Segir fámennið ógna netöryggi hér á landi


Hópstjóri netöryggissveitarinnar CERT-IS segir ógnum vegna netöryggismála sífellt fara fjölgandi. Sveitin geti ekki uppfyllt lögbundið hlutverk sitt vegna fjárskorts og muni ekki geta uppfyllt Evróputilskipun sem senn taki gildi.

ÖRYGGISMÁL Ógnum vegna netárása fjölga jafnt og þétt hér á landi en ekki hefur nóg verið að gert til að takast á við þá ógn. Þetta segir Stefán Snorri Stefánsson, hópstjóri netöryggissveitarinnar CERT-IS í ársskýrslu sveitarinnar. Ljóst sé að Ísland muni ekki uppfylla Evróputilskipun um netöryggi sem taka eigi gildi hér á landi innan þriggja ára nema mikið verði að gert. „Ljóst er að verulega þarf að bæta úr flestum aðföngum, aðstöðu og því umhverfi sem sveitinni er ætlað að starfa í,“ segir í skýrslunni.

Stefán segir sveitina of faliðaða til að sinna lögbundnu hlutverki sínu sem netöryggissveit Íslands á landsvísi. Starfsmenn sveitarinnar séu færri en þegar hún tók til starfa árið 2014, tveir í stað þriggja áður. Þá þurfi hugarfarsbreytingu til að takast á við netöryggismál hér á landi. Mikilvægt sé að fyrirtæki verji ekki bara eigin kerfi fyrir árasum, heldur einnig kerfi og búnað viðskiptavina sinna.

Til stóð að færa sveitina frá Póst- og fjarskiptastofnun til embættis ríkislögreglustjóra en innanríkisráðuneytið féll frá þeim áformum undir lok síðasta árs. Stefán segir að fyrirheit hafi verið gefin um að efla sveitina við núverandi lagaskilyrði. „Þó er ljóst að fjárheimildir sveitarinnar í dag rúma ekki nauðsynlega þætti í starfsemi hennar,“ segir hann.

Sveitin geti nú fyrst og fremst sinnt fjarskiptafyrirtækjum sem greiða hlutafall af veltu sinni til rekstursins en eigi lögum samkvæmt að gegna starfi sem netöryggissveit á landsvísi. Auk þess sé hún tengiliður Íslands við erlendar CERT-sveitir. „Í því kristallast mótsögn sem kemur



Netöryggissveitin er eingöngu skipuð tveimur mönnum. Hópstjórinn segir það ekki nægilegt til að sinna brýnum verkefnum.

Ljóst er að verulega þarf að bæta úr flestum aðföngum, aðstöðu og því umhverfi sem sveitinni er ætlað að starfa í.

Stefán Snorri Stefánsson, hópstjóri CERT-IS



oft upp í daglegu starfi sveitarinnar,“ segir í skýrslunni. Einnig er bent á að ekki hafi verið unnt að halda stóra samhæfða æfingu hér á landi innan þjónustuhóps sveitarinnar frá árinu 2013, meðal annars vegna óvissu um framtíð hennar. Nauðsynlegt sé að slík æfing fari fram í haust.

Sveitinni bárust upplýsingar um nær 800 öryggisatvik hérlandis á síðsta ári, þar á meðal nokkur mál þar sem um alvarlegar langvarandi ógnir var að ræða. Í síkum tilvikum er oftast reynt að ná fötfestu í upplýsingakerfum stjórnvalda eða hátæknifyrirtækja og afla upplýsinga með leynd. Í skýrslunni segir að líkur séu á að alvarlegustu málín sem rannsökuð hafi verið beinist ekki gegn íslenskum aðilum. Þá er bent á að allmargar álagsrásir hafi verið gerðar á íslenska netþjóna á síðasta ári. Ein sú stærsta var í nóvember þegar ráðist var á vefi stjórnarráðsins sem lágu niðri um nokkurn tíma. Árásin er talin vera á ábyrgð Anonymous-samtakanna vegna andstöðu forsprakka hópsins við hvalveiðar Íslendinga. ingvar@frettabladid.is

Indland & Bútan

12.–27. október

FERÐAKYNNING
Tvær glæsilegar sérferðir

Ísrael, Palestína & Petra

1.–12. nóvember



Sr. Þórhallur Heimisson fararstjóri kynnir ferðirnar í Skógarhlíð 12, þriðjudaginn 30. ágúst kl. 17:30.

Gengið inn neðan við húsið, gegnt Bústaðavegi og Hlíðarenda.

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

DISCOVERY SPORT

ÞÆGILEG STÆRÐ, YFIRBURÐA HÆFILEIKAR



ABOVE & BEYOND



Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél og ríkulegan staðalbúnað, upphitaða framrúðu, nýja 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

Discovery Sport dísil sjálfskiptur kostar frá 6.890.000 kr.

www.landrover.is

ENNEWM / SIA / NMXXXX

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Skemmtisigling sem varð að martröð

Þrjú ferðalangar lentu í hremmingum á Suðureyri þegar skipstjóri skútu sem þeir höfðu keypt sér siglingu með réðst á þá. Skipstjórinn hafði drukkið ótæpilega og var ógnandi. Víkingasveitin var kölluð á vettvang þar sem sem skotvopn voru um borð í skútunni.

Kolbeinn Tumi
Daðason
kolbeinntumi@365.is



Þýskir feðgar og Austurríkismaður um þrítugt fengu nóg fyrir peningana sína þegar þeir skelltu sér í skútusiglingu frá Svalbarða áleiðis til Íslands með viðkomu á Jan Mayen og Grænlandi. Þýskur skipstjóri býður upp á slíka ævintýrasiglingu og var látið úr höfn þann 8. ágúst. Eftir tvær og hálfu viku, eða að morgni miðvikudagsins 24. ágúst, var siglingunni lokið.

„Við lifðum af ísbirni, storm og nístingskulda,“ segir Austurríkismaðurinn Paul sem talaði fyrir munn þremninganna. „Og drykkfelldan, vopnaðan skipstjóra. Eitt-hvað sem við áttum ekki von á að þurfa að hafa áhyggjur af.“

Verðið fyrir ferðalagið frá Svalbarða til Íslands, sem taka átti tæpar þrjár vikur, kostaði hvern og einn rúmlega þrjú þúsund evrur eða á fimmta hundrað þúsund krónur. Þýski faðirinn, Bernd, átti sér þann draum að sjá ísjakana áður en þeir bráðna og því skelltu feðgarnir sér á ferðina. Paul hafði alltaf langað að sigla í Norður-Íshafi og hafði loksins safnað sér nægum peningum fyrir ferðinni.

„Við tókum með okkur smá bjór, en ég held að við höfum bara drukkið einn bjór hver,“ segir Paul. Þeir

hafði ekki viljað yta undir drykkju skipstjórans, mannsins sem bar ábyrgð á að þeir kæmust alla leið. Feðgarnir hafa enga reynslu af sjó og Paul hefur aðeins réttindi til að sigla litlum bátum á vötnum í heimalandinu. Drykkja skipstjórans hófst á fyrsta degi.

„Hann var að drekka frá morgni til kvölds, en svo byrjaði hann að hella í sig almennilega þegar kom að því að binda landfestar,“ segir þýski sonurinn, Sebastian. Fyrstu tvö kvöldin fylgdust þeir með honum hella í sig, ræddu málin og hristu hausinn. Töldu að þetta yrði nú varla svona alla ferðina. Þeir gerðu tilraun til að ræða við skipstjórann og koma honum í skilning um að þeir væru ósáttir við drykkju hans en það bar engan árangur.

Sigt var frá Svalbarða til Jan Mayen, þaðan til Ittoqqortoormiit á Grænlandi áður en stefnan var sett á Ísland. Næsta höfn var Suðureyri og ákvað skipstjórinn að leggja að bryggju í stað þess að setja niður akkeri úti á sjó. Í framhaldinu átti að sigla sem leið lá til Reykjavíkur en þremningarnir höfðu fengið nóg.

Þegar þeir létu skipstjórann vita segir Paul hann hafa trompast. Hann hafi þverneitað þeim um að fá að yfirgefa skipið, þeir yrðu að fara alla leið til Reykjavíkur eins og samið hefði verið um. Hann hafi varnað þeim landgöngu og gert tilraun til að sigla frá landi. Hann hafi verið mjög ólvaður og komið hafi



Þýsku feðgarnir og Austurríkismaðurinn á siglingu.

Ég sagði þeim í stuttu máli hvað væri í gangi og þeir spurðu mig hvort það væru vopn um borð í skútunni. Ég sagði þeim, sem satt var, að þau væru þrjú.

Paul, einn ferðalanganna þriggja

til handalögmála. Paul segist hafa reynt að hringja í lögregluna en verið stöðvaður. Vinur skipstjórans hafi skipt sér af að því leyti að hann leyfði honum ekki að sigla í burtu. Eftir óþægilega stund í skútunni, ekki þá fyrstu, komust þeir frá borði en án alls farangurs. Þá ákvaðu þeir að hringja í lögregluna.

„Ég sagði þeim í stuttu máli hvað væri í gangi og þeir spurðu mig hvort það væru vopn um borð í skútunni. Ég sagði þeim, sem satt var, að þau væru þrjú,“ segir Paul. Ekki er óeðli-

3.000

evrur greiddu ferðalangarnir skipstjórann fyrir siglinguna.

legt að skotvopn séu um borð í skútu sem siglir á norðurslóðum, raunar nauðsynlegt. Hættan vegna ísbjarna er fyrir hendi og enginn fer frá borði án þess að hafa skotvopn meðferðis.

Þarna var klukkan farin að ganga tvö um nóttina og lögreglumenn komu til móts við þremningana. Vertinn á Fisherman Hotel á Suðureyri opnaði fyrir þeim og gaf þeim að borða. Um klukkan sex sögðu lögreglumennirnir að þeir þyrftu að leggja í hann og kíkja niður á höfn.

„Við trúðum ekki okkar eigin augum,“ segir Paul. Sebastian þýðir svarið fyrir föður sinn og þeir hrista allir hausinn. Vígbúinir íslenskir sérveitarmenn höfðu tekið sér stöðu við skútuna og mátti halda að þar á skipstjóri væri að finna hættulegasta mann á yfirborði jarðar.

Daginn eftir keyrðu mennirnir til Reykjavíkur á bilaleigubíl þar sem þeir hafa dvalið um helgina en þeir halda til síns heima í vikunni.

visir.is Greinina má lesa í lengri útgáfu á Vísi.



NÝR ISUZU D-MAX
VERÐ FRÁ 6.990.000 kr. SJÁLFSKIPTUR, 6 GÍRA

NÝTT MEIRI DRÁTTARGETA

3500KG

100
HISTORIC YEARS
Founded 1916
ISUZU

Isuzu D-Max Lux, leðursæti, 17" álfelgur, hiti í sætum, hraðastillir, rafdrifið bílstjórásæti, handfrjáls símabúnaður (Bluetooth) o.m.fl.

EYÐSLA AÐEINS 8,4 L/100 KM*

TILBOÐ
NÚNA FYLGIR ÖLLUM ISUZU D-MAX
DRÁTTARBEISLI OG HEITKLÆDNING Á PALLINN

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilas.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Innovation
that excites

GERÐU ÞAÐ SEM ÞIG LANGAR



ENNEMM / SIA / NM76969

NISSAN JUKE ACENTA PLUS 4WD
4.490.000 KR.

**SJÁLFSKIPTING, FJÓRHJÓLADRIF
OG 190 HESTÖFL**

STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN JUKE ACENTA ER MEÐAL ANNARS:

Íslenskur leiðsögubúnaður, bakkmyndavél, 6 öryggisloftþrúðar, ABS með EBD, ESP skriðvörn, ISOFIX barnabílstólafestingar, opnanlegt glerþak, Bluetooth handfrjálts símabúnaður, útvarp með geislaspilara, AUX og USB tengi fyrir MP3 spilara, 18" álfelgur, 60/40 skipting á aftursætum, samlitir speglar og hurðarhúnar, krómaðir hurðaopnarar, hæðarstilling á bílstjórasæti, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, sjálfvirk loftkæling, hraðastillir (Cruise Control), aksturstölvá, rafdrifnir útispeglar, rafdrifnar rúður, þokuljós, varadekk, fjarstýrðar samlæsingar, hraðanæmt vökvastýri.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Búast við 300.000 flóttamönnum það sem eftir lifir árs

Erfitt væri fyrir Þjóðverja að taka á móti fleiri en 300.000 flóttamönnum fram að áramótum. Þjóðernishyggjuhreyfingum vex fiskur um hrygg, fylgi Alternative für Deutschland er um tólf prósent.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



ÞÝSKALAND Þjóðverjar búast við því að um 300.000 flóttamenn eigi eftir að koma til landsins það sem eftir lifir árs. Þetta sagði Frank-Jürgen Weise, yfirmaður Flóttamannastofnunar Þýskalands, í viðtali við Bild am Sonntag í gær. Weise sagði einnig að afar erfitt yrði að taka á móti fleiri flóttamönnum en 300.000. Þó sagðist hann hafa trú á því að mat hans myndi reynast rétt.

Rúmlega milljón flóttamenn frá Mið-Austurlöndum, Afganistan og Norður-Afríku komu til Þýskalands í fyrra. Þá hefur innanríkisráðuneytið sagt að um 390.000 hafi sótt um

hæli á fyrstu sex mánuðum ársins. Ekki er víst hversu margir þeirra komu til landsins árið 2015.

„Við munum reyna að útvega eins mörgum flóttamönnum og við getum atvinnu,“ sagði Weise. Innlimun þeirra í samfélagið myndi þó taka langan tíma og kosta mikla fjármuni.

Þjóðernishyggja vinsælli

Stuðningur við stjórnmalahreyfingar sem andsnúar eru innflytjendum hefur aukist jafnt og þétt undanfarin misseri. Kosið verður til þings á næsta ári og samkvæmt nýjustu skoðanakönnun Emnid mælist þjóðernishyggjuflokkurinn Alternative für Deutschland nú með tólf prósentu fylgi. Kristilegir demó-

Þjóðernissinnar mótmæla stefnu ríkisstjórnarinnar með borða sem á stendur „Lokum landamærunum! Þjórgum lífum!“



Spennuþrunginn Audi Q7 e-tron quattro

Audi Q7 e-tron quattro er kyndilberi nýrrar tækni. Hann er fyrsti fjórhjóladrifni dísil tengitvinnbílur heims og sameinar krafta rafmagnsmótors og dísilvélar. Q7 e-tron quattro er sparneytinn, umhverfismildur og eldsneytisnotkunin er aðeins 1,9 lítrar á hverja 100 km. Mættu nýrri árstíð með grænni samvisku og allt að 56 km drægni á rafmagni.

Komdu við og upplifðu Q7 e-tron quattro í hversdagslífinu.



HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is



12%

vilja kjósa Alternative für Deutschland á næsta ári.

kratar mælast með 35 prósent og jafnaðarmenn með 23 prósent.

Á laugardag klifu meðlimir Þjóðernishyggjuhreyfingarinnar Identitäre Bewegung Brandenborgarhljóð og hengdu á það borða sem á stóð „Öruggari landamæri – öruggari framtíð“. Dreifði hreyfingin einnig miðum þar sem varað var við því að Þjóðverjar væru að verða að minnihlutahóp í eigin landi og hvöttu til aðgerða gegn íslamsvæðingu landsins.

Þá þykir rúmlega helmingi Þjóðverja innflytjendastefna ríkisstjórnarinnar slæm samkvæmt könnun sem birtist fyrir í mánuðinum.



Flóttamenn leika sér með bolta nærri lestarstöð í borginni München í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Gaf lítið fyrir mótmæli

Sigmar Gabriel, varakanslari og fjármálaráðherra Þýskalands, varði í gær gjörðir sínar frá því fyrir í mánuðinum þegar hann sýndi hópi nýnasista sem mótmæltu stefnu hans puttann. „Mín einu mistök voru þau að ég notaði ekki báðar hendur,“ sagði Gabriel.

Nýnasistarnir voru komnir til Salzgitter í Saxlandi til að mótmæla innflytjendastefnu ríkisstjórnar Kristilegra demókrata, flokks kanslarans Angelu Merkel, og Jafnaðarmannaflokksins, flokks Gabriels.

Sögðu þeir föður Gabriels hafa elskað land sitt en Gabriel sjálfur

Mín einu mistök voru þau að ég notaði ekki báðar hendur.

Sigmar Gabriel, varakanslari Þýskalands

væri aftur á móti að eyðileggja það. Faðir hans, Walter, var nasisti og neitaði því að helförin hefði átt sér stað allt þar til hann lést árið 2012.

Sigmar Gabriel sýnir löngutöng. NORDICPHOTOS/AFP



Leyndarmálið



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Ekkert okkar er undanþegið því að taka vondar ákvarðanir í lífinu. Ákvarðanir sem við vitum jafnvel í hjarta okkar að eru vondar og okkur jafnvel skaðlegar. Ákvarðanir sem geta leitt yfir okkur óhamingju, veikindi og jafnvel dauða en við tökum þær samt. Við erum öll breysk og mannleg og þar af leiðir að við reynum að láta okkur annst hverju um annað, gæta velferðar og vísa til betri vegar, bættar heilsu og betra lífs.

Í síðustu viku lést ungur maður og annar var hætt kominn og leikur grunar á að þeir hafi báðir neytt fentanýls fyrir um kvöldið. Fentanýl er sterkt lyfseðilsskipt verkjalyf, hundrað sinnum sterkara en morfin og fimmtíu sinnum sterkara en heróín, og einkum gefið langt leiddum sjúklingum sem líknandi meðferð. Tvö dauðsföll á Íslandi, fyrir á þessu ári, má rekja til neyslu fentanýls og því svo sannarlega mikið áhyggjuefni að svo sterkt lyf gangi kaupum og sölum á götum borgarinnar.

En það er því miður ekkert nýtt að fíkniefnaneytendur fari sér að voða. Guðný Rannveig Reynisdóttir greindi frá því í viðtali við Nadine Guðrúnu Yaghi hér í Fréttablaðinu á laugardaginn að sonur hennar hafi látist árið 2013 vegna misnotkunar á morfinplástri. Hann var aðeins 27 ára gamall þegar hann lést, búinn að eiga í umtalsverðum fíkniefnavanda og að biða þess að komast inn á Vog til meðferðar. Hann var búinn að biða lengi, ekki sist vegna þess að hann hafði áður verið til meðferðar en þá gefist upp og strokið. Ungi maðurinn skildi eftir sig son sem nú er föðurlaus. Þetta er þyngra en tárur taki.

Andlát þessa unga fólks, sem hefur af einhverjum sökum leiðst út í neyslu harðra fíkniefna, hljóta að fá okkur sem eftir stöndum til þess að skoða stöðu þessara mála og grípa til aðgerða í samræmi við það. Við verðum sem samfélag að spyrja okkur þess hvort nóg sé að gert í forvarnarmálum. Hvort nóg sé gert í að stöðva þá sem selja þessi efni og hagnast á fíkn annarra. Hvort nóg sé gert til þess að hjálpa þeim sem eru langt leiddir í neyslu fíkniefna. Líkast til vitum við svörin en við þurfum samt að þora að taka umræðuna og ábyrgðina. Ábyrgðin þarf að vera hjá okkur sem samfélagi og því felst að horfast í augu við að það er ekki nóg gert til þess að berjast gegn orsök, neyslu og afleiðingu harðra fíkniefna á Íslandi.

Það má ýmislegt segja um stöðu meðferðarmála á Íslandi, möguleika og árangur þeirra meðferðarúrræða sem eru í boði eða ekki boði, en allir geta eflaust sammælt um að þau duga ekki til. Það liggur því beinast við að kalla eftir aðgerðum af hálfu heilbrigðisráðherra og allra þeirra ráðamanna sem hafa með málaflokkinn að gera. Að kalla eftir því að við sem samfélag tökum höndum saman og gerum það sem til þarf til þess að koma þessum málum í betra horf. Á þeirri vegferð er ágætt að muna leyndarmálið sem Lewis Carroll sagði okkur og á vel við nú sem endranær: „Eitt mesta leyndarmál lífsins er að allt sem einhverju máli skiptir er það sem við gerum fyrir aðra.“

Að kalla eftir því að við sem samfélag tökum höndum saman og gerum það sem til þarf til þess að koma þessum málum í betra horf.

Halldór



Frá degi til dags

Finn pappír?

Það leit ekki vel út fyrir Samfylkinguna þegar tilkynnt var að aðeins þrjú hafi boðið sig fram í prófkjöri flokksins í Norðvesturkjördæmi þegar kjósa átti um fjögur sæti. Í ljós kom að áhuginn var eitthvað meiri, en aðilar sem lýst höfðu áhuga á að bjóða sig fram í 3.-4. sæti féllu frá því þar sem formanni kjörstjórnar flokksins í kjördæminu hugnaðist ekki að þeir væru allir frá Akranesi. Það þætti ekki finn pappír að efstu menn væru allir úr sama plássu. Það getur vart talist heillavænlegt skref að komið sé í veg fyrir að þeir sem þó hafa áhuga á að taka þátt í stjórnmálum séu stoppaðir af, þótt þeir séu frá sama stað og keppinautar þeirra.

Rjóni frambjóðenda

Stjórnmálamaðurinn leggja ýmislegt á sig í aðdraganda kosninga. Ragnheiður Elín Árnadóttir ráðherra og Silja Dögg Gunnarsdóttir Framsóknarþingmaður háðu harða keppni í rjónatertukasti á Hvolsvelli um helgina þar sem Silja Dögg fór með sigur af hólmi. Ragnheiður Elín er þessa dagana í hördum slag um fyrsta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi. Silja Dögg á hins vegar fyrir höndum tvöfalt kjördæmisþing þar sem valið verður á lista Framsóknarflokksins. Þá kemur í ljós hvort tertukastið verður stjórnmálamönnum til happs eða hvort hefðbundnara rjónavöflukaffi hefði dugað betur.

ingvar@frettabladid.is

Rétt skal vera rétt



Hildur Sverrisdóttir
borgarfulltrúi

Eftir forsiðufyrirsögn Fréttablaðsins sl. föstudag hef ég þurft að svara fyrir skoðun sem ég hef ekki. Ég hef oft svarað fyrir misvinsælar skoðanir mínar en það var ný reynsla að vera talin standa fyrir eitthvað sem mér finnst ekki.

Ég mæli ekki með því. Það er auðvelt að detta í vangaveltur um af hverju það gerist að orð manns eru túlkud á annan hátt en þau voru sögð en ég ætla ekki að elta ólar við það að öðru leyti en eftirfarandi sé sagt hér.

Ég vil ekki að hægt sé að borga fyrir betri þjónustu í grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins; ég vil ekki að það sé hægt að borga sig fram fyrir röð eða borga fyrir betra rúm á hjartadeildinni. Ég vil hins vegar að það sé boðið upp á aukþjónustu og nýsköpun í velferðar- og heilbrigðiskerfinu í heild. Slíkt eykur valkosti og sjálfsákvörðunarrétt þeirra sem nýta þjónustuna. Með því að opna á aukinn einkarekstur í aukþjónustu er hægt að styrkja grunnþjónustuna – grunnþjónustu sem við höfum fyrir löngu sammælt um að vilja standa vel að í þágu allra.

Í augum einhverra er þetta nákvæmlega sama tóbakið; allt sem tengist velferð á að vera undir sama hatti og lúta sömu lögmálum og sá sem talar um aukþjónustu talar þar með um grunnþjónustu. Það er hins vegar ekki skoðun mín. Ég tel þvert á móti skynsamlegt að gera greinarmun og tala fyrir bestu kostunum í hvoru kerfi.

Ög eitt að lokum. Það er ekki stefna Sjálfstæðisflokksins að hægt sé að borga fyrir betri þjónustu í grunnþjónustunni. Sama hversu margir leyfa sér að túlka orð mín út frá þeirri meintu stefnu flokksins – þá er það einfaldlega ekki stefna hans. Sjálfstæðisflokkurinn hefur þvert á móti sett aukid fjármagn í grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins. Til þess að heilbrigðisþjónustan sé eins og við viljum hafa hana þarf hins vegar að leita nýrra heildarlausna til framtíðar og þá getur þurft að hugsa út fyrir rammann, eins og ég talaði fyrir í föstudagsviðtalinu.

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

Flisabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

Hann látti mig gera það

Í DAG



Guðmundur
Andri Thorsson
ríthöfundur

– en það breytir engu um hitt, að Sigmundur valdi sjálfur að skrökva.

Sjálfsorðaábyrgð

Eins og Abraham Lincoln sagði: Það er hægt að blekkja alla stundum og það er hægt að blekkja suma alltaf en maður getur ekki blekkst alla alltaf.

Hafi maður einu sinni orðið uppvis að því að reyna að skrökva upp í opið geðið á blaðamanni – og sú tilraun farið um heiminn og orðið alræmd – hefur fólk enga sérstaka ástæðu til að leggja trúnað á það sem maður hefur að segja eftir það. Allra síst ef maður reynir að koma sökinni á þann sem maður reyndi að blekkja; hann látti mig gera það.

Það var ekki Washington Post sem stóð fyrir Watergate-málinu. Og það var ekki Jóhannes Kr. Kristjánsson – og ekki einu sinni RÚV – sem bjó til félagið Wintris. Það var ekki Jóhannes sem skapaði leyndina um það félag. Og sé það rétt, að ekkert hafi verið athugavert við þessa aflandseyjaeign þeirra hjóna – hví þá allt þetta pukur? Hví þessi leynd? Það er í sjálfu sér ekki ámælisvert að vera auðugur en við gerum þá kröfu til þeirra sem bjóðast til að leiða

Það var ekki Jóhannes Kr. Kristjánsson sem felldi Sigmundur Davíð heldur Sigmundur sjálfur. Jóhannes var mikilvægur þátttakandi í falli ráðherrans en hann lét hann ekki gera neitt. Þegar maður er spurður einfaldrar spurningar er manni í sjálfsveld sett hvort maður kys að segja satt eða reynir að skrökva. Sigmundur Davíð kaus að skrökva í trausti þess að viðmælandinn vissi ekki hið rétta í málinu. Það val reyndist afdrifaríkt.

Það var ekki Jóhannes Kr. Kristjánsson og hvað þá RÚV, Evrópusambandið eða George Soros sem valdi fyrir ráðherrann. Kannski var þetta gildra, kannski ámælisvert launsátur eins og málpípur Sigmundar hafa sagt – kannski ekki



Það er í sjálfu sér ekki ámælisvert að vera auðugur en við gerum þá kröfu til þeirra sem bjóðast til að leiða þjóðina að koma hreint fram.

þjóðina að koma hreint fram.

Jóhannes hafði sem sé komist á snodir um þessa stórfreitt sem blaðamaður og þurfti því að ræða það við forsætisráðherrann þáverandi – hefði hann stungið upplýsingunum undir stól hefði hann verið að bregðast skyldum sínum. Eina leiðin til að fá forsætisráðherrann til að ræða þetta var sú að ginna hann í viðtal við sænskan sjónvarpsmann um það hversu andvígur hann væri aflandseyjafélögum. Aftur: Það var ekki verk Jóhannesar að Sigmundur Davíð skyldi kjósa að koma fram sem eindreginn andstæðingur slíkra fjármálaumsvifa og talsmaður þess að treysta íslensku krónunni og íslenskum bönkum fyrir eignum sínum. Það var ekki tilbúningur Jóhannesar að Sigmundur neitaði

því að þau hjónin ættu slíka reikninga við sænska blaðamanninn. Sigmundur kann að hafa gengið í gildru, en hann arkaði sjálfur í hana.

Nýtt framboð?

Um helgina var borið í hvert hús viðtal í Morgunblaðinu við Önnu S. Pálsdóttur, eiginkonu Sigmundar Davíðs, þar sem þeim sjónarmiðum er haldið á lofti að Wintris-málið sé samsæri til að fella þennan öfluga leiðtoga sem staðið hafi í lappirnar – (sem hann gerði einmitt ekki í viðtalinu fræga, heldur sá undir iljar honum). Ekki vitum við enn hvort Framsóknarflokkurinn ætla að gera að sínum þann málstað þeirra hjóna að hér hafi ólíkir hópar og stofnanir tekið saman höndum um að koma honum fyrir kattarnef en hitt sýnist ljóst að Morgunblaðið hefur af krafti tekið undir sjónarmið þeirra hjóna.

Daginn fyrir viðtalið hafði birst opnugrein eftir Hannes H. Gissurason um frelsun Eystrasaltsþjóðanna undan oki kommúnismans, þar sem Davíð Oddsson var hafður í aðalhlutverki, bæði í frásögn og með stórrí myndbirtingu, en minna gert úr hlut Jóns Baldvins sem þó gegndi

lykilhlutverki í þeim atburðum. Síðast þegar Davíð birti í blaði sínu slíkt konungslof frá skáldi sínu var hann á leið í forsetaframboð. Vera má að þessi opnugrein sé til vitnis um að tíðinda sé að vænta af stjórnmálaþátttöku Davíðs. Gæti hugsast að þeir nafnar og samherjar hyggi á sameiginlegt framboð úlra-hægriafanna fari svo að Sigmundur hrökklist úr formannsstarfi í Framsókn? Það yrði dálaglegt.

En kannski óþarfi að fimbulfamba um það, að svo stöddu. Í þessu máli öllu er nóg af fimbulfambi en fáar staðreyndir. En þær eru þarna samt: Hjónin geymdu peninga sína á aflandsreikningum; Sigmundur Davíð neitaði tilvist þeirra reikninga og reyndi að skrökva að sænskum sjónvarpsmanni, gekk svo út þegar hið sanna kom í ljós; eiginkona hans var kröfuhafi á föllnu bankana; því var leynt. Og svo er rétt að muna líka, að „leiðréttingin“ var ekki fjármögnuð með skatti á „hrægamma“ (þ.e.a.s. þau hjónin) heldur með lækkun vaxtabóta og barnabóta og af sameiginlegum sjóðum, auk þess sem fólki var leyft að eyða strax sparnaði sem átti að vera til elliáranna.



Um meintar rangfærslur



Páll Harðarson
forstjóri Nasdaq
Iceland

Baldur
Thorlacius
forstöðumaður
eftirlitssviðs
Nasdaq Iceland



Aðkoma banka að hlutabréfamarkaðnum er mikilvæg hér á landi líkt og erlendis. Allt öðru máli gegnir um aðkomu þeirra að viðskiptum með eigin bréf.

Í Fréttablaðinu 25. ágúst sl. birtist grein eftir Helga Sigurðsson (Rangfærslur), þar sem hann brást við grein eftir undirritaða sem birt var deginum áður í sama miðli. Umtalsefnið var dómur Hæstaréttar í markaðsmisnotkunarmáli Landsbankans og afstaða Kauphallarinnar til þeirra viðskipta sem dómurinn fjallaði um, en umbjóðandi Helga hlaut dóm í því máli.

Telur Kauphöllin rétt að bregðast við athugasemdu hans. Í fyrsta lagi telur Helgi fram að í fyrri grein okkar hafi verið fullýrt að starfsfólk Kauphallarinnar hafi aldrei haldið því fram að aðkoma bankanna að viðskiptum hafi verið mikilvæg forsenda fyrir því að hér gæti yfirleitt þrífist hlutabréfamarkaður. Þetta er fjarri sannleikanum, enda er þar einungis fjallað um „aðkomu bankanna að viðskiptum með eigin bréf“ í þessu samhengi. Aðkoma banka að hlutabréfamarkaðnum er mikilvæg hér á landi líkt og erlendis. Allt öðru máli gegnir um aðkomu þeirra að viðskiptum með eigin bréf.

Þá fjallar Helgi einnig um þá niðurstöðu Hæstaréttar að fjármálafrirtækjum, sem hafa heimild til verðbrefaviðskipta, hafi verið óheimilt að stunda viðskipti með eigin hluti á slíkum markaði í því skyni að greiða fyrir að markaðsverð skapist á þeim, nema um sé að ræða viðskipti í endurkaupaáætlun

eða við verðjöfnun fjármálagreininga. Tekur hann fram að megin-gagnrýni hans á Kauphöllina hafi verið sú að hún hafi aldrei bent á að umrædd viðskipti hafi verið ólögleg á þessum grundvelli.

Málflutningi vísað á bug

Í ofangreindri niðurstöðu Hæstaréttar felst ekki að bönkunum hafi verið óheimilt að eiga viðskipti með eigin hlutabréf. Niðurstaðan fjallar um heimild bankans til þess að stunda viðskiptavakt með eigin hlutabréf, í því skyni að greiða fyrir að markaðsverð skapist á þeim og að slík viðskipti hafi bönkunum verið óheimil. Dómurinn vísar þannig á bug málflutningi verjenda um að Landsbankinn hafi verið viðskiptavaki í eigin hlutabréfum. Þeir sem hlutu dóma í ofangreindu máli voru aftur á móti ákærðir fyrir að brjóta ákvæði laga um markaðsmisnotkun. Kjarni málsins liggur í eðli viðskiptanna – og dómurinn talar sínu máli um þau þar sem Hæstiréttur segir m.a. eftirfarandi um viðskiptahætti umbjóðanda Helga: „Ekki leikur neinn vafi á að sá mikli fjöldi tilboða, sem ákærðu [...], og þau umfangsmiklu viðskipti, sem þeir áttu þátt í að koma á, gáfu eða voru í það minnsta líkleg til að gefa eftirspurn og verð hlutabréfa í Landsbanka Íslands hf. ranglega eða misvísandi til kynna.“

Loforð Bjarna



Svandís
Svavarsdóttir
þingmaður Vinstri
grænna

Það dró til nokkurra tíðinda í þingsal á fimmtudaginn var þegar Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, sat hjá við afgreiðslu fjármálastefnu til framtíðar sem er eitt af grunnplöggum ríkisstjórnarinnar.

Þetta voru bæði pólitísk tíðindi og snúin fyrir ríkisstjórnina og ekki síst fyrir fjármálaráðherra sem er í nokkrum vanda frammi fyrir þessari stöðu vegna þess að félags- og húsnæðismálaráðherra rökstuddi sitt mál með því að ekki væri hugað nægilega vel að lífeyrisþegum og barnafjölskyldum inn í framtíðina. Félagsmálaráðherra ríkisstjórnarinnar staðfesti sum

